



Stútfullt blað af menningu og mannlífi

Oftar en ekki í næsta nágrenni



VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 20. MARS 2024 // 12. TBL. // 45. ÁRG.

Enn gýs við Grindavík

- sjöunda gosið á þremur árum

Landris heldur áfram í Svartsengi sem bendir til þess að enn streymi kvika af dýpi inn í kvikusöfnunarsvæðið undir Svartsengi ásamt því að fæða eldgos. Eldgos hófst við Sundhnúk á laugardagskvöld kl. 20:23. Gosið er það lengsta af þeim fjórum eldgosum sem komið hafa upp í nágrenni Grindavíkur frá því í desember sl. Á þriðjudagskvöld hafði gosið staðið yfir í þrjá sólarhringa en þá gaus syðst á gossprungunni og gígbarmar voru að byggjast upp. Þó nokkur kvikustrókvirkni var í gosinu og gosórói hefur verið stöðugur sem er vísending um að ekki hafi dregið úr krafti gossins.

Aðgengi að Grindavík var lokað á mánudag en lögreglustjóri ákvað að opna fyrir starfsemi í Grindavík á þriðjudag. Lítil sem engin hreyfing er nú á hraun-

rennsli að Svartsengi og eins fyrir ofan Suðurstrandarveg. Það er mat lögreglustjóra að ekki stafi ógn af hraunrennsli inni í Grindavík við núverandi

aðstæður. Þá er fylgst vel með hraunrennsli fyrir ofan Suðurstrandarveg. Þá er einnig fylgst vel með mengun inni á merktu hættusvæði. Ef og þegar hætta er talin á að loftmengun ógni heilsu manna getur komið til þess að aðgengi inn í Grindavík verði takmarkað.

Lögreglustjóri segir íbúa og starfsmenn fara inn í bæinn á eigin ábyrgð og hver og einn verði að bera ábyrgð á eigin athöfnum eða athafnaleysi. Þá tekur hann skýrt fram að

Grindavík er ekki staður fyrir barnafólk eða börn að leik. Þar eru ekki starfræktir skólar og innviðir eru í ólestri. Lögreglustjóri mælir alls ekki með því að íbúar dvelji í bænum. Fáir Grindvíkingar kjósa að dvelja í bænum næturlangt. Þeim er það heimilt en lögreglustjóri mælir alls ekki með því og getur ekki ábyrgst öryggi þeirra við núverandi aðstæður.

Viðbragðsaðilar eru við störf í Grindavík og lögregla og slökkvilið sinna lögbundnu

eftirliti í bænum eins og verið hefur. Þá er sjúkrabíll staðsettur í Grindavík alla daga á dagtíma.

Unnið er allan sólarhringinn við gerð varnargarða á virkum dögum. Píparagengi hóf störf að nýju á þriðjudag. Framkvæmdir við að hleypa köldu vatni á bæinn eru í undirbúningi hjá Grindavíkurbæ í samvinnu við almennavarnir.

Nánari umfjöllun um eldsumbrot síðustu þriggja ára á vef VÍKURFRÉTTA, vf.is.

VÍKURFRÉTTAMYND: ÍSAK FINNBOGÁSSON

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOURG ÓSK
ELINBOURG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Betri afkoma hjá Isavia

Rekstrarafkoma samstæðu Isavia fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) á árinu 2023 var jákvæð um 8,1 milljarð króna samanborið við 5,2 milljarða króna árið 2022. Tekjur jukust um 23% eða 8,6 milljarða króna og námu 45,1 milljarði króna. Farþegar um Keflavíkurflugvöll voru tæplega 7,8 milljón í fyrra samanborið við um 6,1 milljón árið 2022. Þetta kemur fram í frétt frá Isavia.

Ef horft er til heildarafkomu ársins var hún jákvæð um 2,1 milljarð króna samanborið við neikvæða heildarafkomu upp á 617 milljónir króna árið 2022. Jákvæð gengisáhrif vegna langtímalána námu um 180 milljónum króna á árinu 2023 samanborið við neikvæð gengisáhrif upp á 868 milljónir króna árið á undan.


„Árið 2023 var í meginatriðum í takt við okkar væntingar. Við fundum vissulega fyrir áhrifum efnahagssumhverfisins á neyslu almennings og eldsumbrotin á Reykjanesskaganum en engu að síður tókst að mínu mati afar vel til við að mæta þeim áhrifum í rekstrinum. Svo hafa þær áskoranir sem hafa fylgt því að vera með eldsumbrotin í bakgarðinum okkar síst minnkað nú á nýju ári,“ segir Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia.

Sveinbjörn bendir á að mikil vinna hafi verið lögð í að tryggja samfellu í rekstri Keflavíkurflugvallar við þessar óvissu aðstæður. Keflavíkurflugvöllur er t.d. þegar orðin sjálfbær þegar kemur að rafmagni á flugvöllinum og félagið komið á þann stað að geta haldið uppi órofnum rekstri flugvallarins ef til þess kemur að fæðing á heitu vatni rofnar á ný.

Ingibjörg Arnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs hjá Isavia, segir að einn mikilvægasta varðan í rekstri félagsins á árinu 2023 hafi verið vel heppnuð skuldabréfaútgáfa þess. „Isavia gaf út skuldabréf í lokuðu útboði að fjárhæð 175 milljónir evra til bandarískra fjárfesta sem jafngilti

rúmum 25 milljörðum íslenskra króna.“ Ingibjörg segir enn fremur að fjárfestar hafi sýnt Isavia mikið traust og áhuginn á félaginu hafi verið tölverður í þessari fyrstu skuldabréfaútgáfu Isavia. „Þetta styrkti félagið verulega í þeirri mikilvægu uppbyggingu sem stendur yfir á Keflavíkurflugvelli og jákvæðar móttökur eru til merkis um vandaðan undirbúning af hendi Isavia.“

„Við horfum björtum augum til ársins 2024 og til framtíðar. Farþegaspá okkar gerir ráð fyrir að tæplega 8,5 milljónir farþega muni fara um Keflavíkurflugvöll á árinu sem er um 9% fjölgun milli ára. Í dag er ekkert sem bendir til annars en að sú spá muni ganga eftir. Í nýuppfærðri stefnumörkun móðurfélags Isavia er lögð áhersla á að styðja við framtíðarvöxt þeirra tengifluggfélaga sem velja Keflavíkurflugvöll sem sína tengistöð. Miðað við þær farþegaforsendur sem horft er til þarf áfram að byggja upp afkastagetu á flugvöllinum og jafnvel hraðar en við stefndum áður að.“



Nærri þrjátíu raðhús verða byggð við Bolafót í Njarðvík en þar eru Njarðvíkurskógar næsti nágrenni.

Tvö þúsund nýjar íbúðir í Reykjanesbæ

Unnið hefur verið að þéttingu byggðar í Reykjanesbæ og nú liggur nú til samþykktar hjá bæjaryfirvöldum umfjöllun um fjölgun lóða fyrir um tvö þúsund íbúðir, aðallega í Keflavík.

Fyrir liggja afgreiðslur hjá umhverfis- og skipulagsráði Reykjanesbæjar breytingar á skipulagi sem leyfa byggingu á allt að 1250 íbúðum á Vatnsnesi en á svæðinu hefur verið atvinnustarfsemi, mest megnis fiskvinnsla á árum áður en einnig önnur fyrirtæki.

Þá er í vinnslu breyting á Aðal- skipulagi Reykjanesbæjar sem snýr að byggingarsvæði norðan við Aðaltorg í Keflavík. Þar er gert ráð fyrir byggingu 450 íbúða, þar af 138 þjónustu- og öryggisíbúðum fyrir eldri borgara. Fyrirhuguð breyting er í takti við K64 þróun-

aráætlun svæðisins. K64 þróunaráætlun er ný framtíðarsýn fyrir Suðurnesin. Íslenska ríkið, Isavia ohf., Reykjanesbær og Suðurnesjabær hafa unnið saman að heildstæðri stefnu og framtíðarsýn fyrir umhverfi Keflavíkurflugvallar.

Þá hefur verið samþykkt bygging á 27 raðhúsum við Bolafót í Njarðvík. Áður höfum við greitt frá fjölgun íbúða í nágrenni Hafnar- götu í Keflavík.

Fjölga smáhúsum fyrir heimilislausu í Reykjanesbæ

Áætlað er að byggja smáhús í Reykjanesbæ fyrir einstaklinga sem eru með fjölþættar þjónustuþarfir og eru án heimilis. Horft er til þess að smáhúsin nýtist þeim sem eru í brýnni þörf fyrir úrlausn í húsnæðismálum og eru ekki færir um að leysa úr sínum málum sjálfir. Tekið hefur verið mið af reynslu Reykjavíkurborgar af sambærilegu starfi, en borgin hefur unnið með skipulögðum hætti að svipuðum búsetu- möguleikum. Þetta kemur fram á vef Reykjanesbæjar.

Samþykkt hefur verið að leggja til fé í verkefnið og er vinna hafin við að fjölga smáhúsum í Reykjanesbæ. Áætlað er að húsin verði um 25-30 fermetrar og taki mið af einstaklingsbúsetu. Lagt er upp með að þau verði smekklegr og falli vel að nærumhverfinu. Tvær staðsetningar eru til skoðunar, önnur við Hákotstanga í Innri-Njarðvík og hin við Gróf í Keflavík. Ef áætlanir ganga eftir munu fyrstu íbúarnir geta flutt inn við lok árs.

Smáhús eru öruggt húsnæði fyrir einstaklinga með vímuefna- og geðvanda, allan sólarhringinn. Tvö smáhús eru nú þegar í útleigu fyrir íbúa Reykjanesbæjar og hafa nýst þeim íbúum vel. Nauðsynlegt er að byggja fleiri smáhús og fara í markvisst starf með stefnu í þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Með áætlaðri aukningu mætir sveitarfélagið íbúum sem eru í ríki þörf fyrir sérhæfðan stuðning. Mikilvægt er að smáhúsin séu í nálægð við almenningsgöngur og aðra nauðsynlega þjónustu, líkt og matvöruverslun, apótek og heilbrigðisþjónustu. Með tilkomu smáhúsanna er húsnæðiskostum sem standa heimilislausu fólki fjölgað.

Smáhúsin eru heimili fólks og er íbúum þeirra veitt þjónusta sem byggir á hugmyndafræði Húsnæði fyrst sem snýst um að fólk eigi rétt á húsnæði og geti haldið því með einstaklingsbundinni þjónustu

undir formerkjum skaðaminnkunar.

„Þetta er gríðarlega mikilvægt því öruggt húsnæði er oft fyrsta skrefið til þess að geta unnið að bættum lífsskilyrðum fólks. Húsnæði fyrst stefnan hefur skilað miklum árangri og dregið úr langtímaheimilisleysi víða um heim. Þjónustan leiðir til aukinna lífsgæða þjónustuþega og aðstandenda þeirra.“ segir Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjanesbæjar í fréttinni á vef bæjarins.

Með þessu vinnur Reykjanesbær að því að auka lífsgæði íbúa og stuðla að jöfnum tækifærum þeirra til heilbrigðs lífs og vellíðanar. Velferðarráð Reykjanesbæjar hvetur til samkenndar og mannúðlegrar nálgunar um verkefnið og óskar þess að bæjarbúar nálgist umræðuna af nærgætni.



Nýir eigandi Verne ætla að fjórfalda afkastagetu gagnaversins

Fjárfestinga- og sjóðastýringafyrirtækið Aridan hefur gengið frá kaupum á 100% hlut af eigendum Verne. Gagnaverið á Ásbrú er eitt það stærsta á Íslandi og er rekið af endurnýjanlegri orku að öllu leyti, styðst við náttúrulega kælingu og er með mikla orkunýtingu.

Í tilkynningu frá nýjum eiganda segir að fyrirtækið muni leggja rúmlega 1,2 milljarða Bandaríkjadala til að fjármagna sjálfbærna vöxt í Norður Evrópu. Þá hefur nýr eigandi í hyggju að fjórfalda afkastagetu Verne næstu árin en þau voru 23 megavött 2023.

Verne hóf rekstur á Ásbrú árið 2012 og hefur hann vaxið jafnt og þétt allar götur síðan. Verne var fyrsta gagnaverið á Íslandi.

Allt hreint

Umhverfsvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Ódýrustu páskaeggjin með appinu

Frábært úrval og besta verðið í Nettó með appinu!

21. mars



30%
appsláttur

af öllum páskaeggjum frá Góu



22. mars

N

NÓI SÍRÍUS

30%
appsláttur

af öllum páskaeggjum frá Nóa Sírius



23. mars



30%
appsláttur

af öllum páskaeggjum frá Freyju



Þú getur notað appið í öllum verslunum Nettó og á netto.is og fengið fastan 2% afslátt í formi inneignar. Sérstök apptilboð eru auglýst reglulega.

Sæktu appið og byrjaðu að spara!



nettó

Hættulegasti staður í heimi fyrir börn

Samstöðu- og styrktartónleikar fyrir Palestínu

Samstöðu- og styrktartónleikar fyrir Palestínu verða haldnir á Paddy's fimmtudaginn 21. mars næstkomandi þar sem Ingi Thoe & Markúr, Fríða Dís og Æla koma fram. Þær Fida Abu Libdeh og Linda Björk Pálmadóttir eru meðal skipuleggjenda styrktartónleikanna og Víkurfréttir spjallaði við þær um tilurð tónleikanna.

„Það gekk ofboðslega vel að fá tónlistarfólk í þennan viðburð,“ segir Linda, „allir mjög jákvæðir fyrir málefnið og þetta var hugsað að reyna að fá listafólk héðan. Við eigum fullt af flóttu listafólki svo okkur þótti ekki þörf að leita annað. Þetta verða ofboðslega flottir tónleikar og mikið lagt í þá. Svo mun Fida segja frá Flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínu.“

Fida Abu Libdeh, stofnandi og framkvæmdastýra GeoSilica, mun deila reynslu sinni og fjölskyldu hennar af Flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna.

„Þegar við flúðum frá Palestínu og fluttum til Íslands var ég sextán ára,“ segir Fida. „Ég hef þegið þjónustu frá UNRWA og þekki alveg hversu mikilvæg þessi stofnun er. Með tónleikunum erum við að minna á að þetta er stofnun sem Íslendingar eiga að vera að styrkja en ekki að stöðva greiðslur til þeirra. Ísland er eitt fárra landa sem er ennþá að frysta greiðslur til þeirra.“

„Allur ágóði af tónleikunum mun renna beint í neyðarsöfnun sem Ísland-Palestína stendur fyrir fyrir Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna,“ bætir Linda við. „Ef einhvern tímann hafi verið nauðsyn þá er það sannarlega núna. Að



Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vfl.is

þessi stofnun geti haldið uppi eðlilegri starfsemi því ástandið í Palestínu er hræðilegt. Þessi stofnun er hryggjarstykkið í öllu mannúðarstarfi á svæðinu.“

„UNRWA er að skaffa íbúum vatn og mat, efla sjúkrahúsinn og heilsugæsluna. Þannig að þetta er mjög mikilvægt starf sem þau eru að vinna. Það er svoltið myndi að þessi stofnun varð til þegar heimurinn fór að sjá eftir að hafa afhent Palestínu til Ísraelsmanna árið 1948. Hún var svona afsökunarbeiðni frá Evrópu og Sameinuðu þjóðunum og átti að starfa meðan verið var að finna lausn á þessum málum. UNRWA er ennþá starfandi í dag, 75 árum eftir stofnun hennar.“

Staða Palestínumanna í dag

Fjölmargir Palestínumenn og fjölskyldur þeirra hafa flúið til nágrennalandanna en talið er að um þrjár milljónir búi þar, ein milljón á Gaza og tvær milljónir á Vesturbakkanum, svo eru um sjö hundruð þúsund sem búa í Austur-Jerúsalem. „Það eru alveg sex milljónir



Palestínumanna sem búa í flóttamannabúðum í nágrennalandum eins og Líbanon og Jórdaníu,“ segir Fida.

„Ég er fædd í Jerúsalem og er því ekki skilgreind sem Palestínumaður heldur flóttamaður,“ segir Fida. „Þegar landið var tekið af okkur árið 1948, og fjöldamorð voru framín á Palestínumönnum, þá flúðu margir. Þeir sem búa í Jerúsalem eru flokkaðir sem flóttamenn og hafa ekki kosningarétt, hafa hvorki dvalarétt né atvinnuleyfi og þess vegna er UNRWA-stofnunin að vernda okkur. Því við höfum engin réttindi og fáum ekki að snúa aftur heim. Höfum stöðu flóttamanna kynslóð eftir kynslóð.“

Er hægt að fasta þegar fólk sveltur?

Fida segist þurfa að hvíla sig reglulega á fréttum frá Palestínu. „Ég verð stundum að taka pásu þegar þetta er að fara með mann. Það er mjög erfitt að horfa upp á þetta – en ég er mjög þakklát fyrir stuðning Íslendinga, íslenska fólksins, ekki ríkisstjórnarinnar. Það er alltaf vel mætt á alla samstöðufundi, alla tónleika og safnanir. Í einni söfnun fyrir stuttu söfnuðust sjötíu milljónir, það segir

margt um hugarfar Íslendinga. Því finnst þetta rangt og þetta er bara rangt.“

„Það er svo skrítið að upplifun fólksins virðist ekki vera í neinu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, engan veginn,“ segir Linda.

„Sem er mjög skrítið því þetta á að vera lýðræðisríki. Þetta fólk er kosið af okkur og á að sinna okkar hagsmunum,“ bætir Fida við.

Linda segir að það sé búið að gefa út að Gaza sé hættulegasti staður í heimi fyrir börn í dag. „Bæði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og UNESCO hafa sagt þetta. Svo hafa læknar gefið út að börn eru að fæðast þarna í undirþyngd, um 2,7 kg, það er vel undir normalkúrfu.“

Að lokum segist Fida hafa miklar áhyggjur af stöðu mála núna þegar Ramadan, föstumánuður múslima, er genginn í garð. „Ramadan byrjaði fyrir í mars – en hvernig er hægt að fasta þegar fólk er að svelta?“ spyr Fida að lokum.

Miðar verða seldir við inngang og byrjar miðasala kl. 19:30, miðaverð er 2500 kr.

Þau sem vilja stöðja málstaðinn en komast ekki á tónleikana er bent á að hægt er að leggja inn á eftirfarandi reikning hjá Félagið Ís-

”

Ég hef þegið þjónustu frá UNRWA og þekki alveg hversu mikilvæg þessi stofnun er ...

Flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínu, UNRWA (The United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees), var stofnuð í lok árs 1949 eftir að hundruð þúsunda flúðu heimili sín í Palestínu í stríði Palestínumanna og Ísraels sem braust út eftir stofnun Ísraelsríkis árið 1948.

UNRWA hefur leikið lykilhlutverk í að styðja við bakið á flóttamönnum frá Palestínu frá stofnun og reidir sig á fjárfraðslög frá aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, auk þess er nokkur hluti útgjalda greiddur af reglulegum fjárlögum Sameinuðu þjóðanna.

Þórdís Kolbrún Reykdal Gyldadóttir, þáverandi utanríkisráðgjafi, undirritaði samning um stuðning Íslands við UNRWA fyrir árin 2024–2028 þann 21. september síðastliðinn í tengslum við Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York. Þar samþykkti Ísland að auka árlegan stuðning sinn við UNRWA úr 25 milljónum króna í 110 milljónir. Ísland var hins vegar meðal fyrstu ríkja Evrópu til að stöðva fjárstuðning við samtökinn vegna ásakana á hendur tólf starfsmönnum stofnunarinnar um aðild þeirra í mannskæðri árás Hamas á Ísrael þann 7. október 2023.

land-Palestína: Kennitala: 520188-1349, reikningsnr: 542-26-6990 – skýring „KEF“

Öll innkoma af tónleikunum mun renna í neyðarsöfnun fyrir Flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínu (UNRWA).

Oddur, Rósa Kristín og Eydís Sól stóðu sig best.



Rósa Kristín sigraði í Stóru upplestrarkeppni

Rósa Kristín Jónsdóttir í Njarðvíkurskóla sigraði í Stóru upplestrarkeppninni í Reykjanesbæ sem fór nú fram í tuttugasta og sjöunda sinn. Nemendur úr 7. bekk grunnskólanna taka þátt í keppninni ár hvert. Áður höfðu skólarnir haldið forkeppni og valið tvo fulltrúa hver. Fjórtni keppendur tóku því þátt að þessu sinni, tveir frá hverjum skóla.

Í 2. sæti var Oddur Óðinn Birgisson og í 3. sæti varð Eydís Sól Friðriksdóttir, bæði úr Holtaskóla.

Allir keppendurnir fengu bók og rós í viðurkenningarskyni en fyrstu þrjú sætin fengu einnig peningaverðlaun í boði Íslandsbanka.

Dómnefndin var ekki öfundsverð af hlutskipti sínu að velja í

verðlaunasæti enda sagði Guðbjörg Sveinsdóttir formaður að allir væru í raun og veru sigurveggar þar sem hver og einn keppandi hefði sigrað í sínum skóla.

Ómissandi þáttur þessarar hátíðlegu stundar er tónlistarflutningur nemenda Tónlistarskóla Reykjanesbæjar en fluttu voru þrjú tónlistaratriði. Í upphafi léku þeir Alex Helgason, Arnar Logi Róbertsson, Björgvin Orri Bragason, Einar Ernir Kristinsson, Kacper Nowak, Kolbeinn Magnússon Smith, Lúkas Jóhannesson, Róbert Örn Bjarnason, Sumarliði Brynjarsson og Vilhjálmur Ottó Lúdvíksson á gítar The Mapped Show theme eftir Jim Henson og Sam Pottleg. Eftir hlé lék Emelía Rós Ólafsdóttir á píanó Spring Storm eftir Melody Bober. Þegar dómnefnd vék úr salnum fengu gestir að njóta píanóleiks en það voru þeir Kristófer Emil Róbertsson og Kolbeinn Magnús Smith fjórhent á píanó lögin Bubblegum eftir Alfred og Kvöldsigling eftir Gísli Helgason.

Hafðis Inga Sveinsdóttir sigurvegari í Stóru upplestrarkeppninni frá fyrra ári kynnti skáld hátíðarinnar, Björk Jakobsdóttir. Jón Ingi Garðarsson einnig sigurvegari frá því í fyrra, kynnti ljóðskáld hátíðarinnar, Braga Valdimar Skúlason. Þá las Zain Abo Assaf nemandi í Háaleitisskóla ljóð á móðurmáli sínu, arabísku. Að lokum flutti Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs ávarp og afhenti bókagjafir.



Við fjölskyldan þökkum af alhug auðsýnda samúð, hlýju og væntumþykju, sýnda af virðingu og tillitsemi við andlát og útför okkar ástæra



EIRÍKS ARNAR JÓNSSONAR,

lögreglumanns,
Engjadal 2, Reykjanesbæ,

sem lést af slysförum 7. febrúar.

Útförin fór fram frá Keflavíkurkirkju 23. febrúar.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir einstaka umhyggju og hlýhug.

Færum Lögregluembættinu á Suðurnesjum, Menntasetri lögreglunnar og lögregluþjófskyldunni allri hugheilar þakkir fyrir auðsýnda virðingu, samkennd og hlýhug.

Guð veri með ykkur öllum.

Svandís Erna Þórðardóttir
Índiana Ellen Fredsholt
Leonard Aron Emmuson Eiríksson
Edvard Dagur Eiríksson
Anný Brynja Eiríksdóttir
Brynja Sigfúsdóttir Jón Axel Steindórsson
Vilhjálmur Þór Jónsson
Elín Hildur Ástráðsdóttir Þórður Bogason

ERTU AÐ FARA AÐ BYGGJA?



Sökkulkerfi fyrir allar tegundir húsa

Myglar ekki!



Stuttur afhendingartími

CE vottað



Einfalt
Fljótlegt
Endingargott
Ódýrt



Íslensk hönnun, íslensk framleiðsla
fyrir íslenskar aðstæður
Haltu kyndikostnaði niðri með húskubbum frá Polynorth
Eigum húskubba fyrir bæði sökkla og veggi á lager

Prófaðu nýju
reiknivélina okkar
og sjáðu strax
kostnaðinn við að byggja



www.polynorth.is/reiknivel

Sjáumst á
Verk og vit 2024
18. - 21. apríl



2024 agustomar@simnet.is

 polynorth.

Óseyri 4 - 603 Akureyri - Sími 857 7799 - Kt: 660887-1649 - polynort@polynorth.is - www.polynorth.is

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



E Ó G R U Ð A M A T T É R F H
 S L H Ú M A T Ó A R F U R É U
 T H D Æ Ö P J K P E G U S G G
 Ó R L G S T A D E Ý M K L P N
 L A T A O L Í M S L Ú U N J A
 Æ U A N Ð S E S E P R A Æ É S
 S N T O B A I I Z L J Ó Ð P T
 A E O K R N K Ð K Y Ý R G A É
 N Ð R Á P H Á H E F Ð I R K Ú
 Í R K P Ú S T A R B É S Ý S T
 L A A S M T L E M Ú R L Æ Ó E
 Ó S I Ú D F Í L É T S I A J R
 R Ð B Ð Ö F L U G T M A G G B
 A Ó E J Æ S K A T R A D N A E
 K L D A G L E G A Ý T U R Ó H

DJÖFLAHEYJAN
 FRUMLEIKHÚSIÐ
 HAGI
 LEIKFÉLAG
 KARÓLÍNA
 SPÁKONA
 GJÓSKA
 DAGLEGA
 BLAÐA
 HUGNAST

FRÉTTAMAÐUR
 HEFÐIR
 ANDARTAK
 LYF
 ELDGOSIÐ
 TAKA
 ÖFLUGT
 HRAUN
 UGLUR
 ARFUR

Gangi þér vel!

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir stórt framfaraskref í þágu barna

Samfélag samvinnu og jafnaðar



Grunnskóla er ætlað það hlutverk að leggja grunn að virkri þátttöku barna í lýðræðissamfélagi og veita viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám eða störf á vinnu- markaði.

Næring er ein af grunnþörfum mannsins, öll þurfum við góða næringu til þess að geta fengist við verkefni dagsins. Vannæring getur haft varanleg neikvæð áhrif á andlegan og líkamlegan þroska barna og er næring lykilatriði fyrir nemendur og hún á að vera í boði á jafnréttisgrundvelli á grunnskólástiginu án aðgreiningar og endurgjalds.

Öll viljum við að börnin okkar séu vel nærð í amstri dagsins og höfum við í Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar unnið markvisst að því að auka niðurgreiðslu skólamáltíða á kjörtímabilinu, um síðustu áramót var kostnaðarhlutfall sveitarfélags hækkað úr 50% í 60% og systkinaafsláttur innleiddur þar sem foreldrar borga fyrir 2 börn en 3+ eru án gjalds. Við í Framsókn höfum talað skýrt fyrir því að okkur þykir sjálfsagt að bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum Suðurnesjabæjar og var það eitt af okkar helstu baráttumálum fyrir síðustu kosningar. Með gjaldfrjálsu skólamáltíðum stuðlum við að jafnræði á milli heimila óháð efnahag og stöðu foreldra.

Grunnskólamenntun án aðgreiningar og endurgjalds

Hugsjón okkar Framsóknar í Suðurnesjabæ er sú að á Íslandi er skólaskylda og teljum við það í raun hreint og klárt velferðar- og jafnréttismál að bjóða upp á raunverulega gjaldfrjálsa grunnskólamenntun á Íslandi án aðgreiningar og endurgjalds. Þannig stuðlum við að jafnræði barna óháð stöðu foreldra og tryggjum einnig að börn fái heita máltíð yfir daginn, en það er því miður veruleikinn á Íslandi að öll börn búa ekki

við slík lífsgæði. Við setjum manngildi ofar auðgildi og viljum að hver og einn hafi sama rétt til menntunar, þroska, grundvallarlífskjara og náttúrugæða óháð uppruna, heilsu og efnahag.

Stutt er síðan að breytingar voru gerðar á lögum um grunnskóla nr. 91 frá 12. júní 2008 en þar kom inn ákvæði í 31. gr laganna sem fjallar um „Kostnað í skyldunámi“ kemur fram að kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skal veitt nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá.

Framsókn hvatti sveitarfélög til að styðja gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Sveitarstjórnarráð Framsóknarflokksins hvatti sveitarstjórnarfolk um land allt til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á vinnu- markaði, sem hafi það að markmiði að ná niður verðbólgu og vöxtum í landinu. Sveitarstjórnarráð Framsóknar studdi að ríki og sveitarfélög myndu tryggja gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum eins og ríkisstjórnin hafði samþykkt.

Við erum að stíga gríðarlega mikilvægt skref með því að innleiða gjaldfrjálsar skólamáltíðir á Íslandi og lýsi ég yfir ánægju með nýja kjarasamninga sem tryggja aukin lífsgæði í landinu sem munu leiða af sér lækkun verðbólgu og vaxta. En þeir munu líka um leið tryggja börnunum okkar bjarta framtíð með jöfnu aðgengi að næringarríkum og hollum mat.

Ríki og sveitarfélög ættu að líta á verkefnið sem lausn sameiginlegs viðfangsefnis þjóðfélagsins á grunni samvinnu og jöfnuðar.

Framsókn er hreyfiafl framfara í samfélaginu og setur barnafjölskyldur í forgang.

Anton Guðmundsson, formaður bæjarráðs og oddviti Framsóknar í Suðurnesjabæ.

SUÐURNESJA **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla- og gerðir Smurpjónusta Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík sími 421 7979 www.bilarogpartar.is

Rétturinn Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á **vf.is**

HEYRN HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Netin kjaftfull af fiski - 124 tonn í tíu trossur

Já móðir náttúra heldur betur lætur vita af sér með enn einu eldgosinu, mikið sjónarspil að sjá himininn verða ansi fallega appelsínugulan. Fiskurinn í sjónum hérna við Suðurnesin lætur nokkur eldgos ekki á sig fá því mokveiðin sem er búin að vera hér frá áramótum virðist engan endi ætla að taka. Í raun má segja að það skipti ekki máli hvaða veiðarfæri bátarnir nota, það kemur fiskur á svo til allt. Reyndar er þetta svo til allt þorskur og færabátarnir sem hafa verið að eltast við ufsann við Reykjanesið og Eldey hafa lítið fengið af ufsanum núna í mars - en þó eitthvað.

Reyndar hefur færabátunum fjölgað mjög mikið og er orðinn ansi stór og mikill færabátafloti sem er að landa í Sandgerði og þeir bátar sem eru í þorskinum hafa komið með fullfermi í land. T.d. er Huld SH kominn með 20,1 tonn og mest 3,3 tonn í róðri sem er fullur bátur, Fagravík GK 16,1 tonn í sjö róðrum og mest 3,1 tonn í róðri, Líf NS 7,9 tonn í níu róðrum og mest 1,7 tonn í róðri, Þórdís GK 7,5 tonn í fimm róðrum og mest 2,4 tonn í róðri, Skarphéðinn SU 8,1 tonn í fimm róðrum og mest 2 tonn í róðri og Sigurey ÍS 7,5 tonn í þremur róðrum og mest 3,5 tonn í róðri, allt eru þetta færabátar sem að mestu eru að veiða þorsk.

Þeir fáu netabátar sem eru að veiða núna hafa veitt vel enda er marsmánuður yfirleitt langstærsti netamánuður ársins og aflatölur mínar, sem ég á til 1944 varðandi vetrarvertíðir, sýna það. Erling KE er kominn með 243 tonn í þrettán róðrum og mest 28 tonn og Friðrik Sigurðsson ÁR 127 tonn í fjórtán róðrum og mest 16 tonn



í róðri. Reyndar hefur Jökull ÞH líka verið á veiðum við Suðurnes en hann landar í Keflavík.

Reyndar hefur einn stór bátur verið á netaveiðum núna fyrir utan Suðurnesin og er það Þórsnes SH frá Stykkishólmi. Þar um borð eru tveir skipstjórar sem skipta með sér verkum; Margeir Jóhannsson sem hefur verið nokkuð lengi skipstjóri á Þórsnesi SH og síðan er Hafþór Örn Þórðarson kominn á móti honum en Hafþór var meðal annars var skipstjóri á Erling KE og gerði einnig út Bergvík GK.

Hafþór og áhöfn hans á Þórsnesi lentu heldur betur í moki núna á Selvogsbanka fyrir rúmri viku síðan. Þeir lögðu þar tíu trossur af netum og voru samtals með 150 net, fóru síðan inn til Þorlákshafnar og biðu þar. Eftir að netin höfðu verið í sjó í átján klukkustundir var byrjað að draga og óhætt er að segja að netin hafi verið kjaftfull af fiski því öll kör sem voru í bátunum fylltust af fiski og þurfti meira segja að setja fisk í stúur enda kom á daginn að upp úr Þórsnesi SH var landað um 124 tonnum sem er

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson gisli@aflafrettir.is



rosalegur afli í aðeins tíu trossur. En er þetta Íslandsmet? Það hef ég ekki kannað nákvæmlega því að ég veit að netabátar hafa náð yfir 100 tonnum í einni löndun í netin, mun ég kanna þetta nánar og birta frétt um það inn á Afla- frettir.is.

Stóru línubátarnir hafa líka veitt mjög vel og þeirra atkvæðamestur er Valdimar GK sem hefur verið með línuna sína á Selvogsbankanum, við Stafnes og á Eldeyjarsvæðinu. Valdimar GK er kominn með 392 tonn í fjórum róðrum og mest 105 tonn í einni löndun. Hluta af þessum afla hefur verið landað í Sandgerði og myndin sem fylgir með þessum pistli er af Valdimar GK koma til Sandgerðis með 84 tonn í bátunum.

Rétt á eftir honum kom Hópsnes GK en hann var með línuna rétt utan við Sandgerði og var í það mikilli mokveiði að hann þurfti að tvílanda þann daginn.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

-25%

**AF FLÍSUM,
HARÐPARKETI
OG MOTTUM**

Birt með fyrirvara um prentvillur og/éða myndabrengl.

GÓLFEFNA- DAGAR

Tilboð gilda frá
21. mars - 3. apríl



**SKANNAÐU KÓÐANN
OG SJÁÐU
ÖLL TILBOÐIN**

á www.byko.is/golfefnadagar



Það var mikið fjór á sviðinu í Rokkskólanum.

ROKKSKÓLINN Í SANDGERÐI

■ Það var rokkað feitt á árhátíð Sandgerðisskóla

■ Vel heppnað samstarf grunnskólans, tónlistarskólans og tónlistarfólks í Sandgerði

Nærri eitthundrað nemendur og kennarar tóku þátt í uppsetningu leiksýningarinnar Rokkskólans í Sandgerðisskóla. Leikstjórnir Íris Valsdóttir og Hlynur Þór Valsson, voru afar ánægð með af-
raksturinn en frumsýning var á sal skólans í síðustu viku.



Páll Ketilsson
pket@vf.is

vel í sýningunni,“ sögðu þau Íris og Hlynur en hvernig gekk svo að rokka upp sýninguna, gera tónlistina?

„Samstarfið við Tónlistarskólann var frábært, lifandi eins og það á að vera. Tónlistaralífið er mjög gott í Sandgerði og því gekk þetta mjög vel. Svo fengum við aðstoð frá Sandgerðingnum og tónlistarmanninum Smára Guðmundssyni og frá Jóhanni Ásmundssyni hjá Stúdíó Paradís. Gamli Messoforte meðlimurinn átti þátt í sýningunni. Það þótti okkur ekki leiðinlegt. Við fengum líka aðstoð frá fleiri aðilum, t.d. hjálpuðu verkmenntakennarar við að gera sviðið.“

„Við vildum breyta til og rokka þetta aðeins upp. Við höfum áður verið með Dýrin í Hálsaskógi, Ávaxtakörfunu og Latabæ. Við horfðum öll á myndina Rokkskólann (School of rock), fengum hugmyndir þaðan og byggðum handritið að hluta til á myndinni en gerðum líka okkar, færðum svona í stílinn eins og hentaði. Það voru settar upp áheyrnarprufur. Það mættu mjög margir nemendur og þær gengu mjög vel. Verkið er mannfrekt og við buðum nemendum í 3. til 6. bekk að taka þátt. Svo hafa verið stífar æfingar frá áramótum, svo stífar að við höfum þurft að fá eitthvað frí frá hefðbundnu námi. Við getum sagt að það hafi verið samþætting á aðalnámskrá. Krakkarnir hafa mjög gott af því að taka þátt í svona verkefni. Þau læra mikið og hafa líka mjög gaman af. Það sýndi sig

Leikstjórnir telja ekki ólíklegt að það hafi verið „kveikt“ í leikaranum hjá einhverjum nemendanna. Þau hafi lært mikið í sviðsframkomu og texta svo fátt eitt sé nefnt. Nú var brugðið á það ráð að taka upp textann sem fluttur var í leikritinu, í stúdíói. Það var af tæknilegum ástæðum og góð reynsla fyrir þau,“ sögðu Hlynur og Íris.



Krakkarnir voru úr þriðja til sjötta bekkjar í Sandgerðisskóla.



Hlynur og Íris voru leikstjórnir.

”

... Krakkarnir hafa mjög gott af því að taka þátt í svona verkefni. Þau læra mikið og hafa líka mjög gaman af. Það sýndi sig vel í sýningunni..



MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



Bylgja Baldursdóttir, skólastjóri Sandgerðisskóla þakkaði öllum fyrir þátttökuina í lokin.

Góð kvöldstund á Djöflaeyjunni

VF LEIKLIST

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Leikfélagi Keflavíkur tekst verulega vel upp með sviðsetningu sinni á leikverkinnu *Þar sem Djöflaeyjan rís*. Leiksýningin var frumsýnd í Frumleikhúsinu við Vesturbraut í Keflavík síðasta föstudagskvöld. Áhorfendur brugðust mjög vel við sýningunni og var leikurum fagnað vel og lengi í lok sýningar.

Þar sem Djöflaeyjan rís er skáldsaga eftir Einar Kárason sem kom fyrst út 1983 og fjallar um líf fjölskyldu Karólínu spákonu sem býr í braggahverfinu Thulekampi í Reykjavík á umrótstímum fyrstu árunna eftir Síðari heimsstyrjöldina.

Leikgerðin, sem samin er af Kjartani Ragnarssyni, er byggð á bókum Einars Kárasonar Þar sem Djöflaeyjan rís og Gulleyjan. Friðrik Þór Friðriksson gerði samnefnda kvikmynd, Þar sem djöflaeyjan rís, eftir sögunni árið 1996.

Hópurinn sem kemur að sviðsetningu verksins hjá Leikfélagi Keflavíkur er fjölbreyttur. Í leikarahópnum eru bæði reynsluboltar og einnig leikarar sem eru að stíga sín fyrstu skref á leiksviði. Á bakvið tjöldin er einnig fólk með mikla reynslu og það skilar sér vel inn í sýninguna. Ýmis tæknileg atriði eru leyst meistaralega vel með sviðsmyndinni og myndvarpa sem kemur tíðarandanum og umhverfinu vel til skila.

Atvinnuleikhús og áhugaleikfélög hafa sett upp þessa leikgerð sem Leikfélag Keflavíkur tókst á hendur. Arni Grétar Jóhannsson leikstjóri verkinu en hann hefur mikla reynslu í áhugaleikhúsum. Óhræddur lét hann karl takast á við hlutverk konu og konu í hlutverk karls.

Hjá Leikfélagi Keflavíkur taka fimmtán leikarar þátt í uppsetningu sýningarinnar og leika þau tuttugu og fjögur hlutverk sem



eru í sýningunni, þar sem nokkrir leikarar fara með tvö og jafnvel þrjú hlutverk.

Norðanmaðurinn Daði Freyr Þorgeirsson er burðarmaður í sýningunni. Hann leikur Karólínu spákonu og fer listavel með hlutverkið. Í viðtali við Víkurfréttir í aðdraganda sýningarinnar sagði hann alls ekki auðvelt að leika gamla konu, verandi fúlскеggj-



aður karlmaður þegar hann mætti á fyrstu æfingu. Skeggið fékk að fjúka og Daði Freyr sagði að þegar hann hafi hætt að reyna að leika gamla konu og farið að túlka Karólínu eða Línu, hafi allt gengið upp. Hann rúllaði upp hlutverkinu á frumsýningunni og stóð sig með mikilli þryði.

Í leikverkinu er fylgst með fjölskyldu Karólínu yfir þó nokkur ár. Þau Danni, Baddi og Dollí, sem eru systkini, leika einnig stórt hlutverk, alveg frá því þau eru börn og fram á fullorðins ár. Sigríður Rut Ragnarsdóttir Ísfeld leikur Dollí og túlkar persónuna skemmtilega. Hún minnti undirritaðan vel á Dollí úr kvikmyndinni Þar sem Djöflaeyjan rís. Þá



verð ég að hrósa Margréti Örnú Agúsdóttur fyrir túlkunina á Gretti Ásmundssyni. Þar skelli leikstjórinn kvenmanni í hlutverk karlmans, sem tæklaði hlutverkið stórvel.

Lísa Einarsdóttir og Birgitta Ösp Smáradóttir eru stórgóðar söngkonur í sýningunni. Lísa leikur Gógó sem í upphafi sýningarinnar fer til Ameríku en birtist svo í söng í sýningunni. Birgitta er í hlutverki Þórgunnar og syngur einnig listavel í sýningunni.

Það má segja um alla leikarana að þeir komast mjög vel frá sýningunni. Enga hnökra var að sjá á frumsýningu og það er eftirtektarvert að það heyrðist vel í öllum. Öll voru mjög skýr í tali.

Það verður að hrósa fólkinu á bakvið tjöldin fyrir tæknilega út-

færslu á sýningunni. Sviðsmyndin er mjög góð og myndvarpinn setti flottan svip á sýninguna. Þá er flugslysið undir lok sýningarinnar gæðahúðar atriði.

Undirritaður tók sautján ára dóttur sína með á frumsýninguna og hún hafði á orði að það væri ekkert gefið eftir þegar kom að áflogum í sýningunni. Leikræn túlkun tekin alla leið. Hún roðnaði yfir kynlífssenunum og var brugðið þegar hvíti kötturinn hafði mætt örlögum sínum.

Það er algjörlega hægt að mæla með kvöldstund í Frumleikhúsinu Þar sem Djöflaeyjan rís.

Takl fyrir mig.
Hilmar Bragi Bárðarson



MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



Það er alveg ljóst að verkfræðingarnir vissu nákvæmlega hversu sárið austan varnar- og leiðigarðanna mætti vera breitt, því hraunið lagðist nákvæmlaga í slóðina sem ýturnar höfðu búið til. Þegar þarna var komið á mánudag var hraunstraumurinn orðinn mjög hægur og hrauntungan mjakaðist mjög hægt áfram.

Vikurfréttamyndir: Ísak Finnbogason

Sjöunda gosið

Sjö eldgos hafa orðið á Reykjaneskaganum á síðustu þremur árum. Sjöunda gosið hófst laugardagskvöldið 16. mars kl. 20:23. Fyrirboði gossins var stuttur, aðeins örfáar mínútur. Veðurstofan sendi út tilkynningu um yfirvofandi kvikuhlaup eða eldgos einni mínútu áður en gosið hófst. Eldgossins hafði þó verið beðið með eftirvæntingu í hálfan mánuð, eftir að kvikuhlaup varð um miðjan dag laugardaginn 2. mars.

NÁTTÚRUVÁ

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Eldgosið sem hófst á laugardagskvöld var með öflugasta upphaf allra þeirra sjö eldgosa sem hafa orðið á Reykjaneskaganum á síðustu 36 mánuðum. Það sjá menn á magni gosefna sem komu upp í upphafi gossins. Eldfjalla- og náttúruvæðingur Suðurlands hefur greint frá því að 1.000 rúmmetrar af kviku hafi komið upp úr eldstöðinni á hverri sekúndu á fyrstu klukkustundunum. Þá hafi gervi-

hnettir fangað mengunarský suður af landinu sem er það stærsta sem upp hefur komið úr öllum gosunum sjö.

Hrauntunga frá eldgosinu rann yfir Grindavíkurveg, eins og 8. febrúar. Hrauntungan nú staðnæmdist um 100 metra frá Njarðvíkuræðinni, sem rofnaði í síðasta gosi. Þá fór einnig hrauntunga til suðurs og rann niður með leiðigarði austan við Grindavík. Verulega hægði á hrauntungunni og átti hún nokkur hundruð metra í Suðurstrandarveg þegar þetta var skrifað.

Þegar Vikurfréttir fóru í prentun á þriðjudagskvöld stóð gosið ennþá

yfir og hraun rann frá gígum til suðurs, án þess þó að ógna innviðum.

Fyrsta gosið þriggja ára

Þann 19. mars voru liðin þrjú ár frá því fyrsta gosið á Reykjaneskaganum í 781 ár braust út í Geldingadölum í Fagradalsfjalli. Eldgosið hófst í kjölfar þriggja vikna jarðskjálftahrinu sem stóð í meira en þrjár vikur þar sem skjálftarnir voru mældir í tugum þúsunda og margir það stórir að fólki þótti nóg um. Eldgosið í Geldingadölum stóð yfir í hálf t. Landfræðilega var það vel staðsett og hraunið safnaðist upp í lokuðum dölum. Næst komst hraunið Suðurstrandarvegi með því að fylla Nátthaga af hrauni. Fyrsta gosið bar öll merki dyngjugoss, þar sem kvikan var frumstæð og kom djúpt að.

Næsta eldgos á Reykjaneskaganum hófst í Meradölum í Fagra-



Hér eru gígarnir syðst á gossprungunni sem enn voru virkir á þriðjudag þegar Vikurfréttir fóru í prentun.

dalsfjalli þann 3. ágúst 2022. Upptök gossins voru aðeins um einn kílómetra frá upptökunum í Geldingadölum. Eins og fyrsta gosið þá varð eldgosið í Meradölum mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Því gosi lauk á þremur vikum.

Biðin eftir þriðja eldgosinu stóð til 10. júlí 2023. Það varð við Litla-Hrút, sem er ekki langt frá Meradölum en þó töluvert innar á Reykjaneskaganum og lengra frá innviðum. Því gosi fylgdu miklir gróðureldar sem slökkviliðsmenn börðust við dögum saman. Eld-

gosið við Litla-Hrút stóð í um fjórar vikur.

Kvikugangur undir Grindavík

Áður en kom til fjórða eldgossins urðu afdrifaríkir atburðir í Grindavík. Fimmtán kílómetra langur kvikugangur varð til á nokkrum klukkustundum þann 10. nóvember. Gangurinn liggur í sjó fram í suðvestri við Grindavík, undir Grindavíkurbæ og langt upp í heiðina fyrir ofan bæinn í gegnum Sundhnúkaígágaröðina. Mikill sigdalur myndaðist í Grindavík og bærinn var rýmdur að kvöldi 10. nóvember, enda gert ráð fyrir því að kvika gæti brotið sér leið til yfirborðs og ekki vitað hvar það gæti gerst. Ekkert varð eldgos í miklar sprungur mynduðust í bænum og fjölmörg hús skemmdust eða eyðilögðust.

Fjórða gosið, við Sundhnúkaígá, hófst 18. desember 2023 kl. 22:17. Það hófst af miklum krafti en það gaus á um fjögurra km. langri sprungu. Þrátt fyrir að mikið magn hrauns hafi komið upp ógnaði það ekki innviðum,



Brugðið var á það ráð að verja bæinn Hraun fyrir mögulegu hraunrennsli með því að setja upp varnargarð vestan við bæjarstæðið. Varnar- og leiðigarðar austan Grindavíkur beina hraunrennsli að bænum Hrauni og það eru ábúendur síður en svo gladdir með. Þegar ljóst var að hraun væri að renna nokkuð ákveðið í átt til sjávar með viðkomu á Hrauni var reistur varnargarður. Garðurinn lokaði m.a. Suðurstrandarvegi. Þegar hraunstraumurinn stöðvaðist var vegurinn opnaður að nýju.

Þann 19. mars voru liðin þrjú ár frá því fyrsta gosið á Reykjaneskaganum í 781 ár braust út í Geldingadölum í Fagradalsfjalli. Eldgosið hófst í kjölfar þriggja vikna jarðskjálftahrinu sem stóð í meira en þrjár vikur þar sem skjálftarnir voru mældir í tugum þúsunda og margir það stórir að fólki þótti nóg um.

var sagt hafa komið upp á góðum stað. Þetta eldgos var það fyrsta í hrinu eldgosa sem síðan hafa orðið. Gosið sem varð 18. desember hafði látið bíða eftir sér en allur aðdragandi þess var vel vaktadur af Veðurstofu Íslands, Almannavörnum og öðrum stofnunum. Á þessum tímapunkti hafði verið reistur varnargarður umhverfis orkuverið og Bláa lónið í Svartsengi.

Hraun eyddi þremur húsum

Um áramótin var hafist handa við að reisa varnargarð ofan við byggðina í Grindavík. Þar var unnið í kappi við tímann þar sem menn voru farnir að læra inn á náttúruna og reiknuðu með fimmta gosinu á Reykjaneskaganum á næstu dögum. Það varð að nægileg kvika hafði safnast fyrir undir Svartsengi og hljóp hún í Sundhnúkagígaröðina sunnudaginn 14. janúar. Þá um morguninn, kl. 7:57, byrjaði gos sunnarlega á gígaröðinni og náði gossprungan í gegnum varnargarðinn norðan við Grindavík. Megnið af hrauninu rann með leiðigörðum til vesturs ofan við byggðina. Nokkuð hraun rann innan garðanna en náði ekki til byggðar. Um hádegi þann 14. janúar opnaðist hins vegar lítil gossprungu skammt ofan við Efrahóp í Grindavík. Hraun rann úr henni og eyddi þremur húsum í bænum. Eldgosið stóð stutt og var lokið að mestu á tveimur sólarhringum.

Sjötta eldgosið varð svo að morgni fimmtudagsins 8. febrúar kl. 6:02. Það varð á svipuðum slóðum og gosið 18. desember. Það gos vakti athygli fyrir það að hraunið var þunnfljóttandi og fór hratt yfir. Hrauntunga stefndi á Grindavíkurveg, fór yfir hann og alla leið að heitavatsæðinni frá Svartsengi að Fitjum á Njarðvík. Hraunið rauf æðina og Suðurnes urðu heitavatslaus í nokkra sólarhringa. Gosið var fljótlega eftir



þetta yfirstaðið og nær alveg dautt sólarhring síðar.

Sjöunda gosið það stærsta

Biðin eftir sjöunda gosinu var lengri en vísindamenn ætluðu, og þó. Þann 2. mars birtust öll merki um yfirvofandi eldgos á mælitækjum. Kvika hljóp í nýjan kvikugang í Sundhnúkagígaröðinni milli Hagafells og Stóra-Skógfells. Kvikan náði ekki til yfirborðs og atburðarásin hófst að nýju. Biðin eftir eldgosinu varð hálfur mánuður. Sjöunda eldgosið hófst með látum að kvöldi 16. mars. Gossprungan var lengst um 3,5 kílómetrar. Vísindamenn segja gosbyrjunina þá stærstu af þessum sjö eldgosum sem hafa orðið frá árinu 2021. Þegar þetta er skrifað stendur gosið enn yfir og hefur ekki skemmt neina innviði aðra en að hafa runnið yfir Grindavíkurveg á sömu slóðum og í febrúar.



Talsvert hraunrennsli var til vesturs á laugardagskvöld og hrauntungan rann á sömu slóðir og í gosinu 8. febrúar. Hraunið rann m.a. yfir Grindavíkurveg á sama stað og síðast en nú fór hraunið yfir breiðari kafla. Það gerir vegagerð yfir hraunið að meiri áskorun. Hraunið myndaði einnig tjörn við Grindavíkurveg og rann þar í átt að varnargörðum. Brugðið var á það ráð að loka skarðinu í varnargarðinn við Grindavíkurveg. Það má sjá á myndinni hér að neðan. Hrauntungan hélt svo áfram og ógnaði aftur innviðum eins og Njarðvíkuræðinni sem flytur heitt vatn frá Svartsengi að Fitjum. Að þessu sinni stöðvaðist hraunið um 100 metra frá lögninni, þannig að orkuinnviðir sluppu við tjón að þessu sinni.

SUÐURNESJA
magasín á *vf.is*

Öflugir bakhjarlar

styðja við dagskrárgerð Sjónvarps Víkurfrétta



RAFHOLT
www.rafholt.is

PORBJÖRN
Hafnarötu 12 · 240 Grindavík

ÚTVEGSMANNAFÉLAG
SUÐURNESJA

HS ORKA

SKÓLA
MATUR

Saltver

Rétturinn

STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

HLJÓMAHÖLL

STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURNESJA

SKIPASMÍÐASTÖÐ
NJARÐVÍKUR NÍ.

algalíf
Iceland
inside™

ÍAV

VS
FK

HS VEITUR

GEYSIR

Lagnaþjónusta
Suðurnesja ehf.
Pípulagningaverktaki

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

SUÐURNESJABÆR

GRINDAVÍKURBÆR

VOGAR



Kvennakór Grindavíkur og Fjallabræður og Ragga Gísla í stuði.



Glaðir Grindvíkingar í Hörpu



Grindvíkingar fjölmenntu í Hörpu á sunnudagskvöld en þá voru haldnir tónleikar sem báru yfirskriftina Samverustund Grindvíkinga. Tilgangurinn var tvíþættur, að skapa samverustund fyrir Grindvíkinga en líka að safna fjármunum til að styðja við börn, unglinga og æskulýðsstarf í Grindavík.

Það voru Fjallabræður, Grindavíkurdætur, Sverrir Bergmann, Jóhanna Guðrún, Ragga Gísla, Una Torfa og félagarnir Auði Blö og Sveppi sem komu fram og myndaðist frábær stemning á meðal þeirra fjölmörgu gesta sem mættu í Hörpuna, langflestir frá Grindavík. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ávarpaði samkomuna og ekki nóg með það, hann tók lagið með Fjallabræðrum og Grindavíkurdætrum. Halldór Gunnar Fjallabróðir stýrði skemmtuninni og hélt hjartfölgna ræðu og var ekki langt frá því að bresta í grát og snerti þar með taug flestra ef ekki allra Grindvíkinga og annarra viðstaddra.

Grindvíkingum var boðið frítt á viðburðinn og var þétt setið í Eldborgarsal Hörpu. Allir sem komu að samverustundinni með einum eða öðrum hætti gáfu vinnu sína.

Tónlistarhúsið Harpa veitti afnot af Eldborgarsalnum ásamt öllum tækjum og tæknimönnum án endurgjalds.

Samhlíða samverustundinni var staðið fyrir söfnun fyrir nýstofnað styrktarfélag barna í Grindavík en félagið er í stjórn Grindvíkinga ásamt fulltrúum Fjallabræðra og er tilgangur þess að skapa samverustundir fyrir börn og unglinga í Grindavík en eins og staðan er núna er samfélag Grindvíkinga dreift víða um land. Leitað var til fyrirtækja og einstaklinga eftir fjárframlögum og var markmiðið að safna að minnsta kosti þeirri upphæð sem myndi safnast með hefðbundinni miðasölu á tónleika í Eldborgarsal Hörpu.

Á samverustundinni tilkynnti Halldór Gunnar Pálsson kórstjóri Fjallabræðra að tíu milljónir króna hefðu safnast. Ungmennni í Grindavík, foreldrar og þeir sem skipuleggja tómtunda-, íþróttatónlistar- og æskulýðsstarf geta nú leitað til styrktarfélagsins og sótt um styrk til að fjármagna samverustundir, æfingaferðir, afþreyingu, ferðalög, mót og svo framvegis til að stuðla að því að grindvísk ungmenni hittist, rækti vináttuna og samfélagið.

Sérstakar þakkir fyrir stuðninginn fá: Kvenfélag Grindavíkur, Harpa Tónlistarhús, Íslandsbanki, Íslenska Gámafélagið, Landsbankinn, Marell, Origo, Phoenix seafood, Samskip, Útgerðarfélag Reykjavíkur, Vörður, Ölgerðin, Össur og Wisefish sem lögðu söfnuninni lið ásamt fjölda annarra fyrirtækja og einstaklinga.

Söfnunin er ennþá opin og eru öll sem geta hvött til að leggja verkefninu lið með því að leggja inn á reikning Styrktarfélags barna í Grindavík.

Kt: 670224-1630

Bankanúmer: 0133 15 007166

Í stjórn Styrktarfélags barna í Grindavík félagsins sitja:

Inga Þórðardóttir, skólustjóri Tónlistarskóla Grindavíkur
Páll Erlingsson, kennari í Grindavík
Þorleifur Ólafsson, framkvæmdastjóri UMFG
Páll Halldór Halldórsson, Fjallabróðir
Hugi Hreiðarsson, Fjallabróðir

Meðfylgjandi myndir tóku Þorgeir Ólafsson og Sigurbjörn Daði Dagbjartsson.



Hér má sjá mörg þekkt Grindavíkurandlit.



Tæpar 1,4 milljónir söfnuðuðst á styrktartónleikum ungmenna

Styrktartónleikar fyrir Grindvíkinga í Hljómahöll sem haldnir voru 7. mars heppnuðust vel. Það var NFS, ungmennaráð Reykjanesbæjar og Fjörheimar sem stóðu að tónleikunum og var upphæðin sem safnaðist, 1.350 þúsund, afhend í Fjölbrautaskóla Suðurnesja mánudaginn 18. mars.

Upphæðinni var deilt á tvo styrktarsjóði, annars vegar styrktarsjóð Grindavíkurkirkju og hins vegar styrktarsjóð Rauða krossins. Geir Sævarsson tók við upphæðinni fyrir hönd Rauða krossins og sr. Elinborg Gísladóttir fyrir hönd Grindavíkurkirkju. Hún sagði að fjármunirnir muni nýtast til góðra verka.

„Þessir fjármunir munu nýtast unga fólkinu í Grindavík. Við erum t.d. að undirbúa ferð fyrir níunda og tíunda bekk í Vatnaskóg og ég er með hugmyndir af samverustundum fyrir ungmennin okkar,

þessir fjármunir nýtast vel í slíkt,“ sagði sr. Elinborg.

Leó Máni Nguyen, formaður NFS, var ánægður með hvernig til

tókst sem og undirbúningur tónleikanna.

„Það var mjög gaman að undirbúa þetta, sérstaklega var vikan sem tónleikarnir voru haldnir

skemmtileg og svo voru auðvitað sjálfir tónleikarnir frábærir, geggjaðir listamenn sem komu fram og gaman hvað við náðum að safna miklum pening fyrir vini okkar frá

Grindavík. Ég er viss um að peningarnir verða vel nýttir,“ sagði Leó að lokum.



Valur Axel Axelsson og Leó Máni Nguyen, formaður NFS, ásamt sr. Elinborgu Gísladóttur, sóknarpresti í Grindavíkurkirkju.



Hermann Borgar Jakobsson og Kara Ísabella Andradóttir ásamt Geir Sævarssyni frá Rauða krossinum.

Metnaðarfullur og kaffisjúkur



FS-ingur vikunnar:

Nafn: Hafþór Örvor Sveinsson.

Aldur: 18.

Námsbraut: Vélstjórnarbraut.

Áhugamál: Bílar og íþróttir.

Bílar og íþróttir.

Hafþór Örvor Sveinsson er á nítjándra ári og kemur úr Garðinum. Hafþór er á vélstjórnarbraut í FS og hefur áhuga á bílum og íþróttum. Framtíðarplön Hafþórs er að fara beint á sjóinn eftir nám.

Á hvaða braut ertu? Er á vélstjórnarbraut.

Hver er helsti kosturinn við FS? Stutt að fara í skólann og geggjáðir kennarar.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Sá fyrsti sem mér dettur í hug er hann Ágúst Þór. Hann er sá allra metnaðarfullsti sem ég þekki!

Skemmtileg saga úr FS? Þegar ég var nýlega kominn með bílprófið og ákvað að brenna smá gúmmí fyrir utan skólann sem endaði á því að ég braut girnkassann á bílnum.

Hver er fyndnastur í skólanum? Kristján Birkir klikkar aldrei.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Bílar og íþróttir.

Hvað hræðistu mest? Tindabikkjur, þær eru alveg hræðilegar.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Hot for Teacher - Van Halen.

Hver er þinn helsti kostur? Metnaðarfullur og áreiðanlegur.

Hver er þinn helsti galli? Kann ekki stafrófið.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? Klárlega Facebook!

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Að fólk sé heiðarlegt, duglegt og jákvætt.

Hver er stefnan fyrir framtíðina? Beint á sjóinn. Hef nú ekki hugað neitt lengra en það.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Kaffisjúkur.

Umsjón: Berglind Elma Baldvinsdóttir

Ákveðinn björgunar-sveitarmaður

Jakob Máni Júlíusson er fimmtán ára nemandi í Myllubakkaskóla. Jakob æfir sund, er í björgunarsveit og stefnir á flugnám. Jakob Máni er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagið? Mér finnst samfélagsfræði skemmtilegust.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Öruglega Jakob, hann er góður á pianó.

Skemmtileg saga úr skólanum? Dettur engin í hug.

Hver er fyndnastur í skólanum? Jóhann er fyndinn.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Á ekki uppáhaldslag.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Kjúklingaborgari er bestur.

Hver er uppáhaldsbíómyndin þín? Deadpool held ég.

Hvaða þrjú hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Ég myndi taka hníf, vatn og tösku með mér því það er gott að hafa með.

Hver er þinn helsti kostur? Ég er góður og heiðarlegur.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Ég myndi velja teleportation.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Húmor hjá fólki.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Mig langar að fara í flugnám.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir? Já, ég æfi sund og er í björgunarsveitinni.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Ákveðinn.



Ungmenni vikunnar:

Nafn: Jakob Máni Júlíusson.

Aldur: 15 ára.

Bekkur og skóli: 10. bekkur í Myllubakkaskóla.

Áhugamál: Sund og flug.

ORKU

LANDSNET

VORFUNDUR
LANDSNETS



HÖRPU 21. MARS
KL. 8.30-10.00

ÖRUGGI



SKRÁNING

HVERJU GETUM
VIÐ ÁORKAÐ?

Á fundinum ætlum við að fara yfir hvar við stöndum og hvert við stefnum með frábæru fólki og hvetjum ykkur til mæta á fundinn og upplifa með okkur kraftinn, orkuna og framtíðina – sem í okkar huga er ljós.



Heimaleikir Grindvíkinga í Safamýri í sumar

Safamýrin í Reykjavík verður heimavöllur knattspyrnuliða Grindvíkinga í sumar. Við eldgosíð 14. janúar, þegar hraunið náði inn í Grindavíkurbæ og fór yfir þrjú hús, var ljóst að Grindvíkingar myndu ekki leika heimaleiki sína í sumar í Grindavík. KSÍ var fljótt að bregðast við, Grindvíkingum stóð sjálfur Laugardalsvöllurinn til boða en flestum var ljóst að það væri líklega ekki vænsti kosturinn því erfitt yrði að búa til góða stemmningu í svo stóru mannvirki. Því fóru þreifingar af stað og á endanum voru það Víkingar sem koma Grindvíkingum til hjálpar í sumar, Safamýrin verður heimavöllurinn.

Haukur Einarsson, formaður knattspyrnudeildar UMFÍ, og Haraldur V. Haraldsson, framkvæmdastjóri Víkings, handsöluðu samkomulag á fimmtudaginn í síðustu viku á nýja heimavellinum í Safamýri. Töluverður aðdragandi var að málinu sem þurfti stuðning og samþykki mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkur-

borgar. Víkingur lánar Grindavík, endurgjaldslaust, aðstöðuna í sumar en ráðuneytið og Reykjavíkurborg tryggja að umgjörð fyrir leiki liðanna verði til mikils sóma, m.a. með framlagi á borð við nýja vallarklukkuna og að stúkusetum í eigu ÍBR verði komið upp við völinn.



Ég er viss um að við munum ná að búa til góða stemmningu hér í Safamýrinni í sumar ...



Haraldur Haraldsson, framkvæmdastjóri Víkings, og Haukur Guðberg Einarsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, voru kátir þegar þeir handsöluðu samkomulagið á Víkingssvæðinu í Safamýri.

Meistaraflokkar Grindavíkur munu æfa á grasæfingasvæðinu í Safamýri en spila leiki sína í Lengjudeildunum á gervigrasvöllum.

Grindavík mun leggja til vallarstjóra og starfsmenn við íþróttamannvirkin í Safamýri en fá á móti skrifstofuadstöðu og annan aðgang að mannvirkjunum skv. samkomulagi. Einnig mun Grindavík stilla upp auglýsingaskiltum með sínum styrktaraðilum við völinn í sumar.

Lagt er upp með að fyrsti leikur beggja liða, karla og kvenna, í Lengjudeildunum verði leiknir í Víkingni við Íslandsmeistaraumgjörð og mun knattspyrnudeild Víkings mánna miða- og veitingasölu til að Grindvíkingar geti notið dagsins í stúkunni. Þá mun allur ágóði af veitingasölunni renna óskiptur til Grindvíkinga, sem eiga alla miðasölu og fylla vonandi völinn í bæði skiptin.

Haukur sagði að þessi möguleiki hefði fljótlega komið upp þegar ljóst var að Grindavík myndi ekki leika heimaleiki sína á sínum gamla stað í sumar.

„Þegar okkur var ljóst að við gætum ekki spilað í Grindavík hafði ég samband við KSÍ sem bauð okkur strax Laugardalsvöllinn og fyrir það vorum við og erum auðvitað mjög þakklátir. Við fórum samt að kíkja í kringum okkur og ég hafði fljótlega samband við Víkingana. Þeir tóku okkur mjög vel og þess vegna er það okkur mikið gleðiefni að geta tilkynnt nýja heimavöllinn okkar. Orri Freyr Hjaltalín, vallarstjórinn okkar, getur ekki beðið eftir að hefjast handa og er ég viss um að við munum ná að búa til góða stemmningu hér í Safamýrinni í sumar. Við munum æfa á grasvöllum en spila á gervigrasinu, ástæða þess er að við getum komið auglýsingasjöldunum fyrir við gervigrasvöllinn, það var ekki



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is



hægt á grasvöllum. Gervigras er það sem koma skal í framtíðinni held ég svo það er fínt fyrir okkur Grindvíkinga að venja okkur strax við það. Það er ekki alveg komið á hreint hvar unglingsstarfið verður en það ætti að skýrast á næstunni. Það hefur gengið vel að halda krökkunum okkar saman til þessa og á Anton Ingi Rúnarsson, yfirþjálfari unglinga, hefur skilinn fyrir frábært starf. Það skýrist á næstunni hvernig þetta verður í sumar hjá krökkunum, við ætlum að reyna gera það sem er börnunum okkar fyrir bestu. Þau munu vonandi geta keppt undir merkjum Grindavíkur en hvort þau æfi að mestu með öðrum liðum eða hvað, þetta á allt eftir að koma betur í ljós.

Meistaraflokkarnir líta vel út. Karlaliðið var að koma heim úr heppnaðri æfingaferð til Spánar. Þeir hafa litið vel út í undirbúningsleikjunum í vetur og koma vel undirbúnir til leiks. Við þökkjum ekkert annað en stefna upp á við og það er markmiðið. Kvinnaliðið er á leið í æfingaferð og þær hafa sömuleiðis litið vel út í vetur. Ég myndi segja að það sé bjart yfir hjá okkur, reksturinn lítur vel út og þer að þakka okkar frábæru styrktaraðilum kærlega fyrir og vil ég kannski sérstaklega minnst á Hermann í Stakkavík. Hann hefur bara bætt í og að sjálfsögðu mun heimavöllurinn okkar í Safamýrinni heita Stakkavíkurvöllurinn í sumar. Hermann vill meina að íþróttirnar séu líflínan okkar inn í Grindavík aftur, það má alveg koma fram að hann á stóran þátt í hvað ég næ að halda dampi í formannsstarfinu. Ég fæ mikinn kraft frá honum,“ sagði Haukur að lokum.

HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á ÍÞRÓTTASTARFI Á LANDSVÍSU?

Nýr samstarfsvettvangur íþróttahéraða leitar að sextán einstaklingum fyrir átta starfsstöðvar vettvangsins.

Íþrótta- og ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands með stuðningi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu vinna að eflingu íþróttastarfs með stofnun svæðastöðva vítt og breitt um landið. Þeim er ætlað að styðja við íþróttahéruð landsins við innleiðingu á stefnu íþróttahreyfingarinnar og ríkisins í íþróttamálum.

Verkefnið er fjölbreytt og þú munt taka þátt í að þróa árangursríkt íþróttumhverfi til að hámarka tækifæri barna og ungmenna til íþróttaiðkunar. Starfsemi svæðastöðvanna byggir á teymishugsun þar sem samvinna, fagmennska og framsækni í sterkri liðsheild er grundvallaratriði.

Allar nánari upplýsingar um verkefnið, markmið svæðastöðvanna og hæfniskröfur er að finna á vefjum ÍSÍ, UMFÍ og Hagvangs. Umsóknarfrestur er til 2. apríl.

umfi.is
isi.is
hagvangur.is





Fjölmargir kepptu á KFC-móti Njarðvíkur

1x2 „DRUMAD Á ÞRETTAN“

Landsleikjahlé

Það á ekki af starfsmönnum Réttarins að ganga í tipp-leik Víkurfrétta. Margoft hefur verið minnst á slæga framgöngu fyrrum starfsmans Magga á Réttinum en spurning hvort Magnús sjálfur hafi toppað þennan fyrrum starfsmann sinn því honum tókst hið ómögulega um helgina; hann tapaði fyrir manni sem virtist ekki vita út á hvað getaunir ganga. Formaður bæjarráðs Suðurnesjabæjar, Anton Guðmundsson, þurfti nánast aðstoð við að fylla út seðilinn í síðustu viku en það kom ekki að sök, hann vann sigur á hinum reynda tippara Magnúsi Þórisssyni en reyndar eftir hnífjafnan leik, 8-8. Anton vann á fleiri leikjum réttum með einu merki, 4-3. Það verður fróðlegt að mæta á Réttinn í vikunni og athuga hvort Magnús muni láta sjá sig frammi í afgreiðslunni eins og hann gerir alla jafna eða haldi sig bara fyrir framan eldavélina á meðan storminn lægir.

Alls voru 30 tipparar í Skandinavíu með þrettán rétta, enginn af þeim landi okkar. Þeir fengu hver rúmar 2,7 milljónir í sinn hlut en fimmtán af 880 með tólf rétta voru Íslendingar og fékk hver rúmar 35 þúsund krónur í sinn vasa.

Þar sem enska úrvalsdeildin fer í pásu í næstu viku á meðan landsliðin leika listir sínar fer tipp-leikur Víkurfrétta í pásu í þessari leikviku.

Tilkynnt verður í næsta blaði hver áskorandi Antons mun verða.

KFC-mót Njarðvíkur var haldið í Reykjaneshöllinni í lok janúar og febrúar en mótið dreifðist á þrjár helgar enda mættu í kringum 1.200 iðkendur frá ýmsum félagsliðum á landinu.

Mótið og heppnaðist mjög vel en spilað var í 5., 6., 7. og 8. flokki karla og kvenna. Allir skemmtu sér vel og fóru glaðir heim en Njarðvíkingar hafa haldið þetta mót frá opnun Reykjaneshallar.



Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Störf í skólum:

- Akurskóli - Lindin, námsúrræði
- Akurskóli - Kennari í smíði og hönnun
- Akurskóli - Umsjónarkennari á unglíngastigi
- Akurskóli - Umsjónarkennsla á miðstigi
- Heiðarskóli - Umsjónarkennari á unglíngastigi
- Heiðarskóli - Kennari í list- og verkgreinum
- Holtaskóli - Dönskukennari
- Holtaskóli - Stærðfræðikennari
- Holtaskóli - Sérkennari
- Holtaskóli - Umsjónarkennari á miðstigi
- Holtaskóli - Umsjónarkennari á yngsta stig
- Holtaskóli - Þroskabjálfi
- Háaleitisskóli - Dönskukennari á elsta stig
- Háaleitisskóli - Enskukennari á elsta stig
- Háaleitisskóli - Grunnskólakennari á elsta stig
- Háaleitisskóli - Grunnskólakennari á yngsta stig
- Háaleitisskóli - Kennari í Friðheima
- Háaleitisskóli - Kennari í námsver
- Háaleitisskóli - Kennari í nýsköpun
- Háaleitisskóli - Kennari í ÍSAT námsver
- Háaleitisskóli - Umsjónarkennari á miðstigi
- Háaleitisskóli - Íþróttakennari
- Myllubakkaskóli - Heimilsfræðikennari
- Myllubakkaskóli - Kennari á miðstigi
- Myllubakkaskóli - Kennari á unglíngastigi
- Myllubakkaskóli - Verkefnastjóri sérhæfðs námsúrræðis
- Myllubakkaskóli - Umsjónakennari á unglíngastigi
- Myllubakkaskóli - Umsjónakennari á yngsta stigi
- Njarðvíkurskóli - Deildarstjóri eldra stigs
- Njarðvíkurskóli - Dönskukennsla
- Njarðvíkurskóli - Hönnun og smíði
- Njarðvíkurskóli - Umsjónarkennsla á miðstigi
- Njarðvíkurskóli - Umsjónarkennsla á yngsta stigi
- Njarðvíkurskóli - Upplýsingatækni og forritun
- Ósp sérdeild/Njarðvíkurskóli - Sérkennari og/eða atferlisfræðingur
- Stapaskóli - Kennari á miðstigi
- Stapaskóli - Kennari á yngsta stig
- Stapaskóli - Kennari í textílmennt
- Stapaskóli - Kennari í tónmennt
- Stapaskóli - Umsjónarkennari á unglíngastig

Störf í Umhverfismiðstöð:

- Umhverfismiðstöð - Sumarstörf
- Umhverfismiðstöð - Sumarstörf í skógrækt
- Umhverfismiðstöð - Umsjónarmaður sumarstarfa

Önnur störf:

- Duus safnahús - Gestamóttaka, upplýsingagjöf og sýningagæsla
- Velferðarsvið - Heima- og stuðningsþjónusta, sumarafleysingar

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn Hefur þú áhuga á að starfa við liðveislu?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026

Skipulagsauglýsingar Reykjanesbæ

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 6. febrúar 2024 að auglýsa eftirfarandi:

Ásbrú rammaskipulag - vinnslutillaga og skipulagslýsing

Leiðarljós rammaskipulags eru að skapa lífandi bæjarumhverfi, efla fjölskylduvænt og fjölbreytt samfélag, styrkja lýðheilsu og útvist allan ársins hring með skjólgóðum og grænum útisvæðum. Einnig að auka fjölbreytni, nýta sögu, menningararfinn og efla staðaranda. Skipulagslýsing og vinnslutillaga rammaskipulags, Alta febrúar 2024, eru auglýstar samhliða.

Nánari gögn eru á vef sveitarfélagsins og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Umsagnir berist á netfangið skipulag@reykjanesbaer.is eða í skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/> Umsagnarfrestur er til og með 16. apríl 2024.

Hafnargata - skipulagslýsing deiliskipulags

Reykjanesbær leggur fram lýsingu Nordic Office of Architecture fyrir deiliskipulag. Skipulagssvæðið nær til svæðis sem er skilgreint sem miðsvæði M2 í gildandi aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Skipulagssvæðið skiptist upp í ólík svæði. Þar er m.a. Hafnargata og umhverfi hennar sem er fremur þéttbýlt svæði og svo er einnig að finna óbyggt svæði á milli Hafnargötu og Ægisgötu sem situr á landfyllingu ásamt grænu svæði sem er mikið nýtt á hátíðardögum í bænum. Mikil tækifæri eru til uppbyggingar á svæðinu og góðir þróunarmöguleikar til að mynda sterka heild og lífflegt miðbæjarumhverfi.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS



MARGEIRS VILHJÁLMSOÑAR

Hvað skal gera þegar bókasafn er á hrakhólum?

Ekki mörgum árum eftir samningu Keflavíkur og Njarðvíkur þar sem Reykjanesbær varð til var ákveðið að byggja við krúndjásn Njarðvíkur, sjálfan Stapann. Ekki þótti við hæfi að húsið fengi að heita áfram Stapi, heldur var höllin skírð eftir ástkærustu hljómsveit bítlatímabilsins, Hljómum. Hljómahöllin. Nafngiftin var réttlætt með því að Stapinn væri samkomuhúsið en í Hljómahöllinni væri svo miklu meira. Nefnilega rokksafn. Frábær hugmynd og að mínu mati er Rokksafnið rós í hnappagat Reykjanesbæjar. En eins og hjá flestum söfnum þarf það meðgjöf. Miðasala stendur ekki undir rekstrarkostnaði. En það sama á líka við um sundlaugarnar í bænum. Miðasala þar stendur ekki undir rekstrarkostnaði. Það má vel vera að rekstur sundlauga flokkist undir skyldustarfsemi sveitarfélaga, en rekstur rokksafna geri það ekki. Frekar myndi ég fækka sundlaugum í sveitarfélaginu en að loka eina rokksafninu. Það er hvort eð er lítið hægt að treysta á hitaveitu næstu misserin. Í nýjustu sundlauginni í Reykjavík í Úlfarsárdal er bókasafn í anddyrinu. Því legg ég til að bókasafnið verði flutt í Vatnaveröld. Bæjarstjórn getur fengið Dag B Eggertsson sem ráðgjafa við flutningana.



Frá aðalfundi Félags eldri borgara á Suðurnesjum nýlega. Starf félagsins er öflugt og fjölmenni var á fundinum.

Hvatagreiðslur eldri borgara hafa slegið í gegn

■ Ekki nógu góð nýting hjá börnum og ungmennum - aðeins 60% nýta hvatagreiðslur

Alls nýttu 2.435 börn sér hvatagreiðslur Reykjanesbæjar á síðasta ári sem er 60% af heildarfjölda barna 4–18 ára í bæjarfélaginu. Nýtingin hefur aukist um 9,2% frá 2019 en er þó að sögn Hafþórs Birgissonar, íþrótt- og tómstundafulltrúa mun lægri en í öðrum sveitarfélögum.

„Því miður, segi ég nú bara. Nýtingin ætti að vera miklu hærri,“ sagði Hafþór við VF.

Bæjaryfirvöld ákváðu fyrir skemmstu að bæta við hvatagreiðslum fyrir eldri borgara frá 67 ára aldri sem hafa svo sannarlega slegið í gegn að sögn Hafþórs. „Það hafa 192 eldri borgarar nýtt sér hvatagreiðslur en þær hófust um áramótin. En hvað eru eldri borgarar að nýta hvatagreiðslur í?

„Það er allur gangur á því, við getum nefnt árskort í sund, árgjald í golfklúbb, sundleikfimi, líkamsræktarstöðvar og fleira mætti nefna. Ég vil bara hvetja eldri borgara að nýta sér þessa nýjung en líka hvetja foreldra barna að gera það. Enn eru fjögur börn af tíu ekki að nýta sér hvatagreiðslur. Það er hægt að nýta hvatagreiðslur á stafrænan hátt í tölvu eða síma en líka bara koma í þjónustuverið

í ráðhúsi Reykjanesbæ,“ sagði Hafþór.



Mundi

Hvað með hvatvísa - fá þeir greiðslu?

Vantar fleiri öryggismyndavélar

Lýðheilsuráð Reykjanesbæjar lýsir áhyggjum sínum yfir vöntun á öryggismyndavélum í sveitarfélaginu. Á fundi ráðsins 12. mars óskar það eftir þarfagreiningu og kostnaðaráætlun við að setja öryggismyndavélar á Reykjanesið. Yrði það gert í samráði við nærliggjandi sveitarfélög, viðbragðsaðila og aðra viðeigandi fagaðila.

Vertu í betra sambandi hjá Símanum

Þjónustuaðilar okkar taka vel á móti þér. Sjáumst í Tölvulistanum!

